

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

1. tbl. 3. árg.

7. janúar 2025



Það var margt um manninn á þrettándabrennunni í ár.

Gleðilegt nýtt ár

Nýtt ár hefur gengið í garð og jólahátíðin liðin. Við blasir nýtt ár flutt af áskorunum og tækifærum. Fjöldargir nýta þessi tímamót til að strengja áramótaheit, setja sér markmið

um bæt看 lifsstíl og betri venjur. Venju samkvæmt má gera ráð fyrir aukinni aðsókn í sundlaugar og íþróttasali landsins í janúarmánuði í það minnsta. Áramóttin í Stykkishólmi voru

hefðbundin. Veðrið var gott og töluverðu magni af flugeldum var skotið upp. Flugeldasala björgunarsveitarinnar gekk vel í ár en opið var einnig fyrir flugeldasölu í húsnæði björgunarsve-

itarinnar á þrettándanum, 6. janúar. Þó nokkrir gerðu góð kaup og nældu sér í flugelda á janúarafslætti og kvöddu jólin með pompi og prakt.



Fámennt en góðmennt.

Fundað um fjárhagsáætlun

Boðað var til íbúafundar miðvikudaginn 11. desember um fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir tímabilið 2025-2028. Á fundinum gerði bæjarstjóri grein fyrir markmiðum fjárhagsáætlunar og helstu áherslum hennar. Það var fámennt en góðmennt í nýja salnum á Höfðaborg þar sem fundurinn fór fram enda nóg um að vera þegar stutt er til jóla.

Fjárhagsáætlun var svo lögð fyrir bæjarstjórn til síðari umræðu daginn eftir íbúafundinn, þann 12. desember. Bæjarstjórn samþykkti þá fjárhagsáætlunina með fjórum atkvæðum H-listans en fulltrúar Í-lista greiddu atkvæði á móti fjárhagsáætlun. Nánar verður fjallað um áherslur fjárhagsáætlunar í næsta tölublaði.



Mynd frá árinu 2016 þegar starfsmenn áhaldahúss settu upp sjaldséd skilti í Nýrækt m.a.

Salerni í Nýrækt

Undanfarið hefur verið til umræðu að setja upp salernishús í Nýrækt. Til sendur að reisa á svæðinu hús, í samstarfi við Skógræktarfélagið, með salernisaðstöðu og inniaðstöðu til að mæta þörfum þeirra sem nýta skógræktina í sinni starfsemi. Þar á meðal eru skólarnir, skátar og önnur félagsamtök. Á meðan unnið er að útfærslu á nýju húsnæði hefur verið komið fyrir bráðabirgðasalerni á svæðinu. Salernishúsið var áður við félagsheimilið Skjöld en hefur nú verið flutt í Nýrækt, eftir er að tengja húsið við rafmagn og vatn en gert er ráð fyrir að gengið verði frá því þegar minna frost er í jörð og veður leyfir. Það verður

sannarlega mikil búþót að fá salerni á svæðið. Á myndinni hér fyrir ofan, frá árinu 2016, má sjá Hjalta Oddsson sem starfaði í áhaldahúsinu þegar sett var upp skilti sem bannaði fólki að hafa hægðir í skóginum. Í frétt Skessuhorns frá 11. maí 2016 kemur fram að Högna Högnasyni, þáverandi bæjarverkstjóra, hafi borist töluvert af ábendingum um mannasaur á svæðinu. Vísaði Högni þá í að mikið af ferðamönnum væru að tjalda við skóginn og leituðu svo skjóls í skóginum til að gera þarfir sínar. Þessu til úrbóta voru sett upp skilti eins og sést á myndinni hér að ofan, á nokkrum stöðum í bæjarlandinu.



Sorphirðudagatalið komið út

Sorphirðudagatal Íslenska gámafélagsins fyrir árið 2025 er komið út. Vakin er athygli á því að losunardagar geta breyst án fyrirvara, t.d. vegna veðurs. Komi sú staða

upp verður upplýst um það á vef sveitarfélagsins og losað við fyrsta tækifæri. Hægt er að nálgast sorphirðudagatalið á vefsíðu sveitarfélagsins.

Þuríður Ragna ráðin í stöðu skipulags- og umhverfisfulltrúa



Þuríður Ragna Stefánsdóttir.

Þuríður Ragna Stefánsdóttir hefur verið ráðin í stöðu skipulags- og umhverfisfulltrúa hjá Sveitarfélaginu Stykkishólmi. Ráðið var í

stöðuna á 31. fundi bæjarstjórnar þann 12. desember síðastliðinn og var bókun bæjarstjórnar eftirfarandi: Bæjarstjórn samþykkir, með vísan til fyrirliggjandi gagna, að ráða Þuríði Rögnu Stefánsdóttur tímabundið í starf skipulags- og umhverfisfulltrúa til 31. ágúst 2025. Þuríður Ragna er landslag-sarkitekt og hefur yfir 25 ára reynslu af stöfum í landslagshönnun og

skipulagi. Síðastliðin sex ár hefur Þuríður starfað hjá Verkís, aðallega við skipulag, deiliskipulag og aðalskipulag auk annarra hönnunar verkefna. Þuríður sótti menntun til Noregs við Landbúnaðarháskólann í Ås árin 1991-1996 og fékk þar gráðuna Cand. Agric. sem í dag samsvarar mastersgráðu. Þuríður Ragna hefur störf hjá sveitarfélaginu 8. janúar 2025.



Mynd: Lárus Ástmar Hannesson

Íslandsmót í pítro

Íslandsmótið í pítro var haldið föstudagskvöldið 20. desember. Mótið var haldið á Skildi enda pítro búin að vera stór hluti menningar- og félagsmála Helgafellssveitar frá því á fyrrihluta síðustu aldar, -segir í gamansamri færslu Lárusar Ástmars Hannessonar á Facebook, en Lárus hélt jafnframt utan um mótið. Lárus segir þáttöku- na ekki góð þetta árið en skilar þakklæti til þeirra átta spilara sem tóku þátt í mótinu. Í

tilkynningu Lárusar segir eftirfarandi: Íslandsmeistarar 2024 urðu skipstjórinn Jónas Sigurðsson og hestamaðurinn Lárus Ástmar Hannesson. Í öðru sæti urðu bræðurnir geðþekku Þórarinn Sighvats- son og Þórður Sighvats- son. Í þriðja sæti urðu sundlaugarvörðurinn Þröstur Ingi Auðunsson og tamningamaðurinn Högni Friðrik Högnason. Bestu tilþrifu áttu unglíngarnir Viktor Brimir Ásmundsson og Vignir Þór Ásgeirsson.



Þessa mynd birti þorrráblótsnefndin á Facebooksíðu sinni fyrr í vetur. Eins og sjá má heldur brosmildur bæjarstjórinn fast í pennanum og tryggir þannig að dagskrárvald sé á hans höndum.

Þorrráblót 1. febrúar

Þorrráblót verður haldið í Íþróttamiðstöðinni í Stykkishólmi 1. febrúar næstkomandi. Formenn þorrráblótsnefndar í ár eru þau Sigurbjartur Loftsson og Kristbjörg Hermannsdóttir, en með þeim er úrvals fólk sem bíður þess í ofvæni að komast á svið og skemmta okkur hinum. Miðsala hefst aðra viku í janúar og verða þá 400 miðar settir í sölu. Þor-

ráblótið var fyrst haldið í Íþróttamiðstöðinni árið 2020 en hafði áður verið haldið á Hótel Stykkishólmi. Með því að færa þennan árlega viðburð í Íþróttamiðstöðina gefst pláss fyrir töluvert fleiri gesti, en undanfarin ár hafa æ fleiri brottfluttir Hólm- marar sótt þorrráblótin og fer þessi hátíð því ört vaxandi.

Prettándinn í Hólminum



Prettándabrenna við Vatnsás - Bogi Thor fóðrar eldinn.

Kveikt var upp í brennu við Vatnsás á þrettándaðanum þegar jólahátíðin var kvödd. Fjöldi fólks sótti brennuna í ár en áður hafði farið fram friðargangan sem frestaðist frá Þorláksmessu vegna veðurs. Friðargangan var vel sótt, ein sú fjölmennas-

ta til þessa, og endaði gangan við Vatnsás þegar kveikt var í brennunni. Undanfarin ár hefur ekki verið haldin áramótabrenna í Hólminum en þess í stað þeim mun veglegri þrettándabrenna. Sú hefð hefur mælst vel fyrir sem endurspegladist í góðri

mætingu og rífandi stemmingu á þrettándabrennunni. Nemendur 9. bekkjar seldu rafkerti í fjáröflunarskygni áður en friðargangan hófst og nemendur 7. bekkjar seldu heitt súkkulaði á brennunni. Veitt var viðurkenning fyrir best skreytta húsið jólin

2024 en það voru þau Dagbjört Bæringsdóttir og Guðmundur Gunnlaugsson sem hrepptu titilinn fyrir skreytingar að Hjallatanga 4. Venju samkvæmt setti björgunnarsveitin Berserkir svo punktin yfir i-ið með litríkri og glæsilegri flugeldasýningu.



Friðargangan var vel sótt.



Guðmundur, ásamt tveimur barnabörnum sínum, tekur við viðurkenningu fyrir best skreytta húsið.